



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

# FORMANNAFUNDUR 2023

**Dagsetning:** Laugardagurinn 25. nóvember 2023

**Fundartími:** 12.00

**Fundarstaður:** Stjórnuheimilið í Ásgarði, Garðabæ

### Fundarmenn:

Formenn / fulltrúar félaga

Róbert Kjaran (BRE)

Ingimundur Björgvinsson (KFR)

Kristín Þórhallsdóttir (AKR)

Anna Guðný Elvarsdóttir (LFK)

Davíð Ólafur Davíðsson (ÁRM)

Ellert Ómar Björnsson (MAS)

Framkv.stjóri KRAFT

Lára Bogey Flnbogadóttir

Úr stjórn KRAFT

Hinrik Pálsson

Þórunn Brynja Jónasdóttir

Auðunn Jónsson

Kristleifur Andrésson

Laufey Agnarsdóttir

Sigurjón Pétursson (varaformaður IPF)

### 1. FUNDARSETNING

Hinrik Pálsson formaður KRAFT setti fund sem boðað var til skv. lögum Kraftlyftingasambands Íslands, VII. kafla. 26. gr.

### 2. FUNDARSTJÓRI OG RITARI

Formaður lagði til að Sigurjón Pétursson, varaformaður IPF, yrði fundarstjóri og Laufey Agnarsdóttir ritari sem var samþykkt.

### 3. IPF

Sigurjón, varaformaður IPF, steig í pontu og fór yfir hvað er helst á döfinni hjá IPF. Sponsoraðilum IPF hefur fjölgað og því meira rekstraröryggi sambandsins. Umferð inn á IPF samfélagsmiðla er meiri en hjá mörgum olympískum greinum. Sigurjón hefur komið mikið að lyfjaeftirliti (eng. anti-doping). Markmiðið hefur verið að ná lyfjamálunum út úr landssamböndunum. Alþjóðlegu lyfjareglurnar eru æðri en landslög, hegningarlög í viðkomandi landi eiga ekki við.

Öll lög og reglur er verið að endurskoða, þ.e. stjórnarskrá (condiution) og by-laws IPF.



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

Unnið er að setja upp aðgangsstýringar í keppnum þ.e. hverjir hafa aðgang að mótssstað og hvenær. Hver keppandi, þjálfari (osfrv) hafa aðeins ákv. dagafjölda sem þeir geta verið skráðir á keppnishótel og mótstað. Þjálfarar hafa t.d. ekki aðgang að hótelinu allan tímann ef þeir eru kannski bara að þjálfra í einn dag.

Málefni transfólks eru í skoðun innan IPF. Núverandi reglur IPF byggja á ólympísku regluverkinu.

Vinna stendur yfir við Stefnumótunarskjal IPF fyrir 2024-2029.

Frá 2025 munu þeir sem eru aðalþjálfarar hafa þjálfaramenntun. Einnig eiga þeir sem fara í landsliðsverkefni uppfylla þekkingu á lyfjamálum (ADEL).

#### 4. AFREKSSTEFNA OG AFREKSMÁL

Hinrik formaður KRAFT steig í pontu og fór yfir afreksstefnu og afreksmál KRAFT.

ÍSí stofnaði á árinu nýtt embætti, afreksstjóra ÍSí, sem mun sjá um nýja stefnu ÍSí í afreksíþróttum á Íslandi. Vésteinn Hafsteinsson var ráðinn í embættið.

Í síðustu viku var haldin fjölmenn ráðstefna, „Vinnum gullið“ Eitt af markmiðum ráðstefnunnar var að fá þátttakendur til að vera virkir í hópavinnu og fá fjölbreytt skoðanir sem notaðar yrðu til þess að búa til nýja og betri stefnu í afreksmálum.

Formannafundur félaga ÍSí var haldinn 24. nóvember. Hinrik og Lára mættu á fundinn.

Núverandi afreksstefna KRAFT er í gildi til 2025. Hún mun gilda áfram en það er ljóst að hana þarf að móta betur út frá nýrri afreksstefnu ÍSí.

Formaður fór í stuttu máli hvað ný afreksstefna ÍSí mun hafa í för með sér. Framlög ríkisins til afreksmála ÍSí munu hækka o.þ.l. umfangs afrekssjóðs stækka. Reglugerð sjóðsins verður breytt í samræmi við nýjar og skarpri áherslur. Fjárframlög næsta árs eru óbreytt en hækkunin gerist frá 2025. Afreksmiðstöð Íslands (Team Iceland) verður sett á laggirnar. Lyfta á allri fagmennsku upp á nýtt stig. Afreksíþróttafólk mun hafa teymi í kringum sig sem aðstoðar það á allan hátt að ná sínu markmiði (þjálfarar, sjúkráþjálfarar, nuddarar, sálfræðingar osfrv.).

Stjórn KRAFT vinnur að umsókn í afrekssjóð ÍSí sem þarf að skila inn 4. desember. Tilnefningar til landsliðsins voru auglýstar að þyrftu að berast fyrir 15. desember en vegna umsóknar til afrekssjóðs óskaði formaður eftir því að formenn skili tilnefningum fyrir 1. desember svo hægt er að hafa þær til hliðsjónar við umsókn.

Í reglugerð afrekssjóðs á að breyta skilgreiningum á samböndum innan ÍSí. Skilgreiningarnar A, B og C verða aflagðar og aðeins notaðar tvær skilgreiningar á samböndum, afrekssamband og verkefnasamband. Til þess að KRAFT uppfylli skilgreiningu á afrekssambandi þarf sambandið að hafa aðila innan vébanda þess sem sinnir umsjá um afreksstarf og hafa þar hærra starfshlutfall en núv. starfsmenn er núna með. Stjórn KRAFT endurskoðar starfshlutföll starfsmanna.

#### 5. MÓT OG MÓTASKRÁ 2024 MÓTASKRÁ 2024



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

Formaður fór yfir mótaskrá með aðstoð mótanefndar. IPF / EPF hafa breytt mótskránni hjá sér og hefur það haft áhrif á skipulag móta á næsta ári. Mótaskrá hefur þegar við birt á heimasíðu KRAFT.

### RIG

Eins og venjulega byrjar árið á RIG. Undirbúningur er hafinn, boð hafa verið send út til Norðurlandanna þ.m.t. Færeyjar. Tveir keppendur pr. þjóð, ein kvk og einn kk. Færeyjar hafa staðfest þátttöku. Noregur og Danmörk hafa staðfest móttöku boðs en eru að skoða málið. Finnland og Svíþjóð hafa ekki staðfest. IPF / EPF hafa ekki viljað taka við alþjóðlegum mótum, hefur vantað skýrari línur frá IPF. Formaður ætlar að senda á IPF / EPF og fá það staðfest fyrir RIG.

### ÆFINGAMÓT OG DÓMARAPRÓF

Stjórn og dómaranefnd KRAFT skoðar skipulag á prófi.

### UNGLINGA- OG ÖLDUNGAMÓT

Í frh. af vel heppnuðu ÍM unglinga og öldunga í klassík þar sem var metfjöldi þáttakanda þarf að skoða hvort betra er að splitta mótinu í tvo hluta eða taka á tveimur dögum, eða hafa óbreytt.

### HVAÐA MÓT

Vegna fjölda keppenda á mótum þurfa félög að setja sér einhverjar skorður á hvaða mót þau senda sína keppendur t.d. eiga sub-junior heima í keppni í opnum flokki.

### NM 2024

Ísland skipti við Danmörk um að halda NM á næsta ári. Stjórn KRAFT hefur samþykkt að NM skuli vera fyrsta mót drengja og telpna (sub-junior) nema í algjörum undantekningum. Þátttaka á NM er stór hluti af hæfileikamótun unga fólksins.

### HM

HM í klassík og í búnaði eru bæði úrtökumót fyrir World Games 2025. Þar verða 64 keppendur í hvorum hóp. Það er því líklegt að HM í búnaði á Íslandi verði fjölmennt.

### 6. MÓTAMÁL - STANGARMENN , STARFSMENN , TÍMAFRESTIR OG FLEIRA MÓTAHALD

Aðstæður félaga til að halda mót eru mismunandi. Mótanefnd benti á að mót sem eru haldin sömu helgi en eru sitthvort mótið í mótaskrá þurfa ekki að vera haldin af sama félagi. Einnig benti mótanefnd á það að mót geta verið samvinnuverkefni félaga, sum félög hafa kannski mótstað en önnur með mannskap. Því miður hefur ÍBR ekki aðstoðað félög og virðist ekki vera nein breyting þar á. Rætt um að virkja betur landsliðsfólk sem aðstoðarmenn / starfsfólk á innanlandsmótum.

### TÍMAFRESTIR OG MÓTAGJÖLD

Stjórn KRAFT mun skerpa á tímafrestum vegna skráninga / greiðslu mótagjalda í mótareglum.

### SPORTABLER

Það kerfi tók við af Felix kerfinu. Kostnaður er hins vegar hár fyrir minni félög. ÍSÍ er meðvitað um það og er ÍSÍ að vinna að heildarlausn fyrir alla. Rætt var um hvort



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

KRAFT ætti að taka upp annað kerfi sbr. Norðmenn og Danir en stjórn KRAFT telur best að sjá hvað vinna ÍSÍ leiðir í ljós.

### MÓTSSTAÐUR

Því miður hefur komið upp að staðsetning móts hefur ekki verið auglýst miðað við þann tímafrest sem mótareglur gefa. Þetta hefur og mun verða undantekning. Aldrei gott þegar mótsstaður breytist með of stuttum fyrirvara.

### DÓMARAR / STARFSMENN MÓTA

Stjórn KRAFT mun skoða mótareglur, skerpa á að ef félög eigi mikið af keppendum skaffi þau einnig dómara og / eða stangarmenn, amk stangarmenn ef þeir hafa ekki dómara.

### NÝIR DÓMARAR

Fyrirspurn um hvort hægt sé að upptökupróf á skriflega hlutanum ef dómaraefni nær ekki í fyrsta. Stjórn KRAFT sendir á dómaranefnd KRAFT. Fjölga þarf alþjóðadómurum.

### HM Í BÚNAÐI

Stjórn KRAFT hefur ákveðið en á eftir að taka fyrir formlega á stjórnarfundi, að HM í búnaði verður haldið í Reykjanesbæ. Þrír staðir voru skoðaðir, Reykjanesbær, Laugardalurinn og Miðgarður í Garðabæ.

Ellert Ómar, verðandi mótstjóri HM, kom í pontu og sagði stuttlega frá helstu verkefnum á næsta ári vegna HM. Gert er ráð fyrir ca 300 keppendum og samtals 500—600 manns með aðstoðarmönnum. Þessi fjöldi dreifist yfir allt mótið. Til að geta haldið mót af þessari stærð þarf góðan fjölda af sjálfbóðaliðum. Stungið upp á að vefsíða mótsins verði með flipa sérstaklega fyrir sjálfbóðaliða, einnig auglýsa vel á heimasíðu KRAFT.

## 7. ÖNNUR MÁL

Ekki neinar ákveðnar breytingar í reglum KRAFT.

Umræða um kraftlyftingakarL og -konu ársins. Spurning um hvort ástæða er að opna á meira huglægt mat. Stjórn KRAFT mun skoða.

Fjölga bikarmótum þ.e. ekki bara opinn flokkur heldur aldurstengd mót sbr. ÍM. Stjórn KRAFT mun skoða.

Spurt um sögu meta á heimasíðu KRAFT.

Æfingamót er sett sem búnaðarmót en samþykkt að hafa það tvískipt, í búnaði og klassík.

Rætt um þyngdarflokka innan sub-junior.

Á fundinum komu fram áhyggjur frá fulltrúa félags um skoðanir félagsmanna á öðrum félögum. Stjórn KRAFT minnir félaga að viðhafa íþróttamannslega hegðun og framkomu. Á landsliðsfundi fyrir árið 2024 mun þetta einnig verða tekið upp, ítrekað hvernig hegðun og reglur gilda í landsliðsverkefnum.

Stjórn KRAFT er í samræðum við SBD um landsliðsbúninga.

Umræða um heimasíðu KRAFT. Stutt síðan heimasíðan var uppfærð en ljóst að það þarf að laga nokkur atriði sem stjórn mun koma í verk.

Spurt um styrkjámál fyrir KRAFT landsliðið. Hvað kostar að setja auglýsingu á búnað landsliðsins. Þarf að skoða sérstaklega vegna HM í búnaði.

## 8. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.14.23.



# KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS